

# Háls-og bakdeild SFS

## Dagdeild með gistingu.

Tekið er á móti skjólstæðingum sem eru að koma á deildina á mánudagsmorgnum

um kl 10.00, sumir skjólstæðingar okkar eiga tíma hjá sjúkráþjálfara kl 10.00.

Sami komutími gildir fyrir þá sem eru að koma aftur og þá sem eru að koma í fyrsta sinn.

Gjaldtaka á Dagdeild H&B er skv. gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands, greitt er daglega.

<https://www.sjukra.is/media/gjaldskrar/Gjaldskra-og-Fost-gjold-leidrett-prosentur-januar-2020.pdf>

Það sem hafa þarf með sér.

- Léttan fatnað- íþróttagalla eða annan lipran fatnað til vikunnar.
- Sundföt og gott sundhandklæði 1-2 sth (Sundlaugin er staðsett í íþróttamiðstöðinni og fólk þarf að koma sér sjálft þangað, (ca 10 mín ganga)
- Góðan útifatnað ( fyrir gönguferðir og þess háttar), mannbrodda ef líkur eru á hálfu.
- Vekjaraklukku
- Inniskó- þarf ekki endilega æfingaskó
- Stílabók eða glósubók til að punkta niður fróðleik á fyrirlesturum og æfingar hjá meðferðaraðilum
- Eigin kodda ef vill
- Lyfjakort og lyf fyrir allan dvalartímann.

Reykingabann er í fullu gildi á sjúkrahúsinu og á lóð sjúkrahússins.

Notkun áfengis og annarra vímuefna er stranglega bönnuð meðan á meðferðardvöl stendur og brot á því varðar brottvísun.

Lyf- Deildin hefur undanþágu frá lyfjagjöfum, það þýðir að skjólstæðingar deildarinnar sjá sjálfir um sína lyfjagjöf, eins og þeir gera heima.

Skjólstæðingar deildarinnar bera sjálfir ábyrgð á að mæta stundvíslega í alla tíma á stundatöflu auk einstaklingstíma hjá sjúkráþjálfara, og séu þess meðvitaðir að jákvæðni og virkni hvers og eins hefur mesta þýðingu þegar horft er til árangurs af prógramminu.

Dagdeildin er opin frá kl 8.00-16.00.